



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
„Rembrant og samtíðarmenn hans“
Listasafninu á Akureyri
14. september 2002**

Ágætu Akureyringar,
Norðlendingar og
aðrir sýningargestir lengra að komnir

Fyrir fáeinum vikum fögnuðum við forseta Lettlands Vaira Vike-Freiberga og treystum vináttuböndin sem tengja lönd okkar saman. Í samræðum á Bessastöðum var lögð rík áhersla á að styrkja samskipti okkar á sviði menningar og lista, kynna arfinn sem þjóðirnar hafa varðveitt og gefa ungu fólki tækifæri til að sýna verk sín og hæfileika.

Lettar og Íslendingar eru vissulega meðal smærri þjóða í álfunni en við höfum löngum hugsað á heimsvísu. Fyrr á öldum skráði Snorri á kálfskinn lýsingu á kringlu heimsins, rakti ævi og örlög konunga og kappa á norrænum slóðum og lauk upp leyndardómum goðsagna og skáldskaparlistar í Eddu sinni.

Í Lettlandi vöktu meistarar ljóss og lita einlæga aðdáun og kappkostað var að eignast verk snillinganna sem voru að umskapa listaveröld Evrópu, málara sem eru líkt og Snorri í öndvegi þegar menning okkar í þúsund ár er vegin og metin.

Lettneska heimslistasafnið í Riga varðveitir dýran fjársjóð evrópskrar listar og það er stórvíðburður í íslensku menningarlífi þegar samvinnan við Listasafnið á Akureyri færir okkur þá einstæðu sýningu sem við opnum hér í dag.

Það er einnig sérstakt ánægjuefni að geta svo skömmu eftir heimsókn forseta Lettlands látið verkin tala og gefa þannig til kynna hve mörg frjó viðfangsefni geta á komandi árum sett svip á samskipti landa okkar.

„Rembrant og samtíðarmenn hans“ er metnaðarfull sýning og aldrei fyrr hefur okkur Íslendingum gefist kostur á að njóta verka þessara meistara hér heima. Við höfum orðið að fræðast um byltingartíma í evrópskri listasögu með heimsóknum í erlend söfn, lestri bóka og af eftirmyndum. Nú njótum við verkanna í góðu tómi og Listasafnið á Akureyri getur verið stolt af því frumkvæði og forystuhlutverki sem það hefur hér sýnt.

Í margbrotinni umræðu um byggðavandann og leitina að úrræðum sem duga til að snúa þróuninni við er hollt að nema staðar og hugleiða lærdóminn sem felst í því að það skuli einmitt vera Listasafnið á Akureyri sem fyrst færir okkur hollensku snillingana, Rembrant og félagaga hans, að gestgjafi heimslistarinnar skuli vera hér norðan heiða.

Listasafnið á Akureyri hefur á undanförunum árum reynst vera öflugur brautryðjandi, vettvangur nýmæla í íslensku listalífi og tenging við úrvalstíma í listasögu annarra þjóða. Héðan er horft til allra átta og reynt að rækta hinn íslenska garð með liðsauka frá þeim sem djúpar rætur eiga í aldalangri og glæstri menningarsögu.

Þessi samfléttun íslenskrar nýsköpunar og evrópskra hefða birtist okkur einnig hér í dag þegar ung listakona Olga Soffía Bergmann sýnir okkur veröldina í nýju ljósi um leið og við göngum á vit hollenskrar gullaldar, tímans þegar Rembrant ásamt öðrum gerði hversdagsstundir eilífar í sérkennilegum leik ljóss og skugga. Hér sjáum við hvernig Olga Soffía tengir saman ólíka hluti úr daglegri önn og ögrar okkur til spurninga; gleymum þá ekki að efniviður Rembrants var einnig á sínum tíma byltingarkennt fráhvarf frá guðlegri sýn, uppljómunum úr Biblíunni og glæsiveröld tignarmanna sem áður höfðu verið helsta viðfangsefni málaranna.

Listasafnið á Akureyri og Lettneska heimslistasafnið í Riga bjóða okkur hér til veislu og ég færi söfnunum báðum einlægar þakkir fyrir þetta góða framlag. Það var metnaðarfullt markmið að ætla sér að efna hér til yfirlitssýningar á hollenskri myndlist frá 17. öld og aðstandendur sýningarinnar hafa á lofsverðan hátt skapað fordæmi sem vonandi verður öðrum hvatning til góðra verka.

Við Íslendingar metum mikils vinarhuginn sem Lettar sýna okkur á þennan hátt og Akureyringar geta stoltir fagnað tímamótum í listalífi þjóðarinnar. Ég óska ykkur öllum til hamingju með þennan viðburð og með heillaóskum og þakklæti í huga lýsi ég því yfir að sýningin er hér með opnuð.